



Kópavogur

Madeira

15. mars 2024

29.október – 5.nóvember

Félag eldri borgara í Garðabæ

Friðsæld, fallett landslag og fjölbreyttur gróður ásamt afar mildu veðurfari, heillar og laðar til sín ferðamenn víða að. Madeira er frekar lítil portúgölsk eyja, tæplega 800 ferkílómetrar, en saga hennar er afar forvitnileg. Eyjan sjálf og nálægu eyjarnar Porto Santo og Desertas eyjar voru mikilvæg bækistöð hins mikla landkönnunar- og nýlenduveldis Portúgala fyrr á öldum og drógu að sér sæfara og drekkhlaðin kaupskip sunnan úr heimi



Hotel NEXT by Savoy Signature 4*

Nútímalegt og þæginglegt hótél á frábærum stað við miðbæ Funchal. Hótelið hefur sína eigin einkaströnd. Í nágrenni hótelsins er fjöldi verslana og veitingastaða.

Verð á mann í tvíbýli 189.900.-

Verð á mann í einbýli 269.900.-


Innifalið: Beint flug, gisting á í 7nætur á hóteli með morgunverð og akstur til og frá flugvelli



FLUG MEÐ Play

Keflavík – Madeira 29.10.24 kl. 9:00 – 13:55

Madeira – Keflavík 5.11.24 kl 14:55 – 20:20





Skilmálar tilboðs

- Innifalið í tilboði þessu er beint flug, gisting á 4* hóteli með morgunverð og akstur til og frá flugvelli.
 - Skoðunarferðir eru valkvæðar og þarf að greiða sérstaklega fyrir þátttöku í þeim
 - Staðfestingargjald er 80.000.-
 - Lokagreiðsla greiðist 10 vikum fyrir brottför.
 - Brottfarar- og komutímar geta breyst vegna ófyrirsjáanlegra seinkana o.fl.
 - Hópurinn þarf að fljúga allur út og heim saman.
- Ekki er hægt að breyta dagsetningum eftir að flug hefur verið bókað.



Valkvæðar skoðunarferðir á Madeira

Austur eyjan

Brottför milli kl. 9 – 9.30 að morgni. Í þessari forvitnilegu ferð verður farið vítt og breytt um austurhluta Madeira. Ferðin hefst í þorpinu Camacha þar sem þjóðdansaflokkur er mættur og einnig verður kynnt listin að vefa úr tágum. Þá liggur leið upp á annan hæsta tind eyjunnar, Pico do Areeiro (1.818 m) og síðan áfram til þjóðgarðsins Ribeiro Frio þar sem m.a. verður skoðuð lítil silungs-eldistöð.

Áfram liggur leið til Santana með gömul og skemmtileg hús. Hér verður snæddur hádegisverður. Enn verður haldið í austur og stutt stop á útsýnisstaðnum Portela (670 m) með frábæru útsýni yfir tilkomumikla norðurströndina, m.a. klettana sem einkenna Madeira, Penha D'Agua. Loks verður komið á austasta odda eyjunnar, Ponta de Sao Lourenco. Á heimleið verður áð í þorpinu Machico þar sem fyrstu landnemarnir tóku sér ból. Komið er til baka um kl.16:30 – 17:00

Verð: 8.900 kr á mann

Dalur nunnanna

Brottför milli kl. 9- 9.30 að morgni. Dalur nunnanna er djúp sigdæld um miðja vegu á eyggi, umlukin grænum og snarbröttum fjöllum. Nafnið er tilkomið frá flóttu nunna í dalinn, sem bjuggu í Santa-Clara klaustrinu í Funchal, undan frönskum og blóðþyrstum sjóræningjum fyrir um 500 árum. Fyrsta stop í þessari hálf-dags ferð er á Pico dos Arcelos með óviðjafnanlegu útsýni yfir Funchal-borg. Í góðu veðri sést jafnvel til úteyja Madeira.

Ferðin heldur áfram til Eira do Serrado sem er í 1000 metra hæð og þaðan má horfa niður í djúpan Dal nunnanna þar sem lítið þorp kúrir undir bröttum fjallshlíðum. Gönguleiðin niður er mikil áskorun en ekið verður niður hlíðina og áð í þorpinu. Boðið verður upp á sérrívínið Ginginha og einkennisköku- og brauð þorpsins þar sem kastaníuhnetur leika aðalhlutverk. Á heimleið verður komið við í víngerð og smakkað á nokkrum tegundum Madeiravíns. Komið er til baka um kl.13:00.

Verð: 4.500 kr á mann



Vestureyjan

Brottför milli kl. 8:30 og 9 að morgni. Í þessari ferð verður litast um á vesturhluta Madeira. Fyrst verður stoppað á Pico da Torre með fallegu útsýni yfir fiskibæinn Camara de Lobos sem heitir í höfuðið á munkaselum sem voru hér fjölmennir í eina tíð. Þá tekur við heimsókn til Cabo Girao, sem er hæsti sjávarhamar Evrópu og sá annar hæsti í heimi (580 m). Þeir hughraustu geta fíkrað sig út á glersvalir og horft beint niður í fjöru. Þorpið Ribeira Brava, sem var fyrsta kirkjusókn eyjunnar, er mjög vinsælt hjá ferðamönnum.

Í framhaldinu verður stoppað á Encumeada þar sem sjá má báðar hliðar Madeira, til norðurs og suðurs. Komið verður við á hásléttunni Paul da Serra, sem liggur í 1500 hæð, og ferðinni lýkur með heimsókn til hins gullfallega þorps Porto Moniz, við vestasta odda Madeira sem státar af frægum eldfjalla-sundlaugum. Komið er til baka um kl.16:30 – 17:00

Verð: 8.900 kr á mann

Matarveisla að hætti heimamanna

Brottför milli kl.19:20 og 19:40. Í þessari ferð er boðið til hefðbundinnar veislu að hætti Madeiramanna á dæmigerðum veitingastað. Hér verður borinn á borð nauta kjöt á spjóti – Espetada – sem ættaður er frá Camara de Lobos (sjá ofar). Nautasteikurnar eru kryddaðar með salti, hvítlauk og lárviðarlaufi og síðan grillaðar yfir viðarkolum. Meðlæti er gjarnan milho frito (steiktur maís) og Bolo de Caco, sem er hvítlauksbrauð. Undir borðum er boðið upp á lifandi þjóðlagatónlist þar sem við kynnumst skrítnum hljóðfærum á borð við rajao, brinquinho og cavaquinho! Rútuferðir fram og tilbaka ásamt máltíð með vínglasi eða öðrum drykk. Komið er til baka í kringum 23:00.

Verð: 8.900 kr á mann